


ÁHERSLUR STJÓRNVALDA Í AÐGERÐUM GEGN MANSALI OG ANNARS KONAR HAGNÝTINGU



Dómsmálaráðuneytið

Janúar 2019

Í stefnuskjali þessu er að finna áherslur stjórnvalda í aðgerðum gegnum mansali og annars konar hagnýtingu. Áætlunin byggir á tveimur fyrri aðgerðaráætlunum ríkisstjórnarinnar í mansalsmálum, sem giltu frá árunum 2009 – 2016. Sérstaklega hefur verið tekið mið af þeim tilmælum sem fram hafa komið í úttektum GRETA, sérfræðinganefndar Evrópuráðsins í mansalsmálum (e. Group of Experts

on Action against Trafficking in Human Beings). Jafnframt er tekið mið af athugasemdum sem fram koma í skýrslu bandarískra stjórnvalda um mansal (e. Trafficking in Persons Report frá júní 2018).

Aðgerðir eru almennt orðaðar í þeim tilgangi að veita þeim sem ætlað er að sjá um framkvæmd svigrúm til útfærslu. Þá er einnig ætlunin að ábyrgðaraðilar með framkvæmd vinni saman að útfærslu aðgerða þegar það á við. Með þessu er lögð áhersla á mismunandi hlutverk aðila og mikilvægi samvinnu í baráttu gegn mansal. Einnig er lögð áhersla á að færa framkvæmd frá ráðuneytum til stofnana sem standa mun nær viðfangsefninu.

Engin tímamörk eru sett fram heldur er markmiðið að birta hér áherslur stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali og annars konar hagnýtingu. Stefnuskjalið er því í gildi nema annað sé lagt fram.

Áætlaður kostnaður felst fyrst og fremst í auknum verkefnum Bjarkarhlíðar. Aðrar aðgerðir eiga að rúmast innan fjárheimilda viðkomandi stofnana enda er í flestum tilfellum um hluta af lögbundnum verkefnum að ræða. Komi til þess að stofnanir telji þurfa aukið fjármagn þarf að sækja um það í samræmi við lög um opinber fjármál.

Í samræmi við fyrri áætlanir byggir þessi stefna stjórnvalda á fjórum megináherslum, þ.e. hinum svonefndu „fjórum P“, sem eiga sér fyrirmynd á alþjóðlegum vettvangi í málefnum mansals:

- 1) **P**revention - forvarnir
- 2) **P**rotection - aðstoð, stuðningur og vernd
- 3) **P**rosecution - rannsókn og saksókn
- 4) **P**artnership – samstarf

I. Forvarnir (Prevention)

Aðgerð 1

STUÐLA AÐ VITUNDARVAKNINGU OG AUKA SÉRÞEKKINGU

Lýsing	<ul style="list-style-type: none">○ Efla sérkunnáttu og færni þeirra fagstétta sem koma að mansalsmálum á eðli og einkennum hinna ýmsu birtingarmynda mansals.○ Stuðla að vitundarvakningu og fræðslu til launþega, sérstaklega þeirra sem koma erlendis frá um lögbundin réttindi þeirra og skyldur atvinnuveitenda.○ Stuðla að vitundarvakningu meðal almennings í þeim tilgangi að vekja athygli á eftirspurn eftir ýmis konar þjónustu sem þrífst oft á mansali.
Ábyrgð á framkvæmd	<ul style="list-style-type: none">○ Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar, héraðssaksóknari, ríkissaksóknari, Útlendingastofnun, Dómsstólasýslan, Barnaverndarstofa, Vinnumálastofnun, Bjarkarhlíð og félagsmálaráðuneyti.
Kostnaður	<ul style="list-style-type: none">○ Innan ramma. Aukin verkefni til Bjarkarhlíðar kalla á aukið fjármagn.

Aðgerð 2

KOMA Í VEG FYRIR HAGNÝTINGU Á VINNUAFLI (E. LABOUR EXPLOITATION)

Lýsing	<ul style="list-style-type: none">○ Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun komi á formlegu verklagi varðandi greiningu á mögulegu mansali við afgreiðslu á umsóknum.○ Efla eftirlit með starfsmannaleigum (<i>e. temporary work agencies</i>) og útsendum starfsmönnum (<i>e. posted workers</i>).○ Efla eftirlit innan tiltekinna starfsgreina, eins og í byggingariðnaði, ferðamannaþjónustu og veitingarekstri, þar sem mansal þrífst auðveldlega.○ Efla vitundarvakningu um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og keðjuábyrgð.
Ábyrgð á framkvæmd	<ul style="list-style-type: none">○ Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, Vinnueftirlit ríkisins, lögregla, félagsmálaráðuneyti.

Kostnaður	<ul style="list-style-type: none"> ○ Innan ramma.
------------------	--

Aðgerð 3

LÖGGJÖF, REGLUR OG STJÓRNVALDSFYRIRMÆLI

Lýsing	<ul style="list-style-type: none"> ○ Endurskoða löggjöf, reglur og stjórnvaldsfyrirmæli. ○ Endurskoða reglur og verklag í tengslum við tímabundin dvalarleyfi, eins og t.d. leyfisveitingar á grundvelli vistráðninga (au-pair) og sjálfboðaliða.
Ábyrgð á framkvæmd	<ul style="list-style-type: none"> ○ Dómsmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Útlendingastofnun.
Kostnaður	<ul style="list-style-type: none"> ○ Innan ramma.

II. Aðstoð, stuðningur og vernd (Protection)

Aðgerð 4

GREINING Á PÓLENDUM MANSALS OG ANNARS KONAR HAGNÝTINGU

Lýsing	<ul style="list-style-type: none"> ○ Skilgreina formlegt ferli við að bera kennsl á pólendir. ○ Bjarkarhlíð gegni hlutverki samhæfingarmiðstöðvar (<i>e. National Referral Mechanism</i>), sem hefði það hlutverk að bregðast við þegar grunur leikur á mansali og kalla til nauðsynlega fagaðila, eins og lögreglu, Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun eða aðra þjónustuaðila eftir því sem þörf krefur. ○ Samræma skilgreiningar, leiðbeiningar og verklag. ○ Útbúa leiðbeiningar og verklagsreglur til að greina hvort umsækjandi um alþjóðlega vernd er þólandi mansals.
Ábyrgð á	<ul style="list-style-type: none"> ○ Félagsmálaráðuneyti, Bjarkarhlíð, Útlendingastofnun, dómsmálaráðuneyti,

frankvæmd	Vinnumálastofnun, lögregla.
Kostnaður	<ul style="list-style-type: none"> ○ Innan ramma. Aukin verkefni til Bjarkarhlíðar kalla á aukið fjármagn.

Aðgerð 5

AÐSTOÐ OG VERND

Lýsing	<ul style="list-style-type: none"> ○ Þolendur mansals af báðum kynjum hafi aðgang að nauðsynlegri þjónustu, aðstoð og vernd. ○ Þolendur mansals hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um réttindi sín, þjónustu og aðstoð sem þeim stendur til boða.
Ábyrgð á frankvæmd	<ul style="list-style-type: none"> ○ Félagsmálaráðuneyti, Bjarkarhlíð, lögreglan.
Kostnaður	<ul style="list-style-type: none"> ○ Kostnaður vegna húsnæðis og annarrar þjónustu við þolendur.

Aðgerð 6

GREINING, AÐSTOÐ OG VERND BARNA

Lýsing	<ul style="list-style-type: none"> ○ Barnaverndaryfirvöld hafi skilvirkt og skýrt verklag við greiningu á börnum sem grunur leikur á að gætu verið þolendur mansals. ○ Útbúa leiðbeiningar og verklagsreglur fyrir fagfólk sem starfar með börnum þegar grunur leikur á að barn sé þolandi mansals.
Ábyrgð á frankvæmd	<ul style="list-style-type: none"> ○ Félagsmálaráðuneyti, Barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir.
Kostnaður	<ul style="list-style-type: none"> ○ Innan ramma.

III. Rannsókn og saksókn mansalmála (Prosecution)

Aðgerð 7

SKILVIRKAR RANNSÓKNIR

Lýsing	<ul style="list-style-type: none">○ Efla þekkingu á rannsókn mansalsbrota innan lögreglunnar og saksókn mansalmála á ákærustigi.○ Efla frumkvæðislöggæslu lögreglu.○ Mansalsrannsóknir og mansalsbrot séu sett í forgang.○ Endurskoða verklag við rannsókn og saksókn mansalmála.○ Auka færni innan réttarvörslukerfisins í að greina og leggja hald á ávinning af mansalsbrotum.
Ábyrgð á framkvæmd	<ul style="list-style-type: none">○ Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar, lögregla, héraðssaksóknari, ríkissaksóknari.
Kostnaður	<ul style="list-style-type: none">○ Innan ramma.

IV. Samstarf og samráð (Partnership)

Aðgerð 8

SAMSTARF

Lýsing	<ul style="list-style-type: none">○ Lögregla efla og styrki samstarf og samskipti við erlendar löggæslustofnanir.○ Lögregla eigi frumkvæði á að efla samstarf við innlenda aðila í þeim tilgangi að spyrna gegn mansali og auka skilvirkni við rannsókn brotanna.
---------------	--

	<ul style="list-style-type: none">○ Bjarkarhlíð, í hlutverki samhæfingarmiðstöðvar fyrir mansalsþolendur, leggi áherslu á að leita samstarfs og samráðs við lykilaðila um nauðsynlega þjónustu og aðstoð þolendum til handa.
Ábyrgð á framkvæmd	<ul style="list-style-type: none">○ Lögregla, Bjarkarhlíð.
Kostnaður	<ul style="list-style-type: none">○ Innan ramma. Aukin verkefni Bjarkarhlíðar gætu kallað á aukið fjármagn.

DRÖG